

Dagskrá vetrarins 2017-2018

14/15. 4. 2018 Vorsýning FÁT, Heimilisiðnaðarfélaginu,
Nethyl 2E, 110 Reykjavík, frá kl. 13-17

VORSÝNING 2018

Vorsýning FÁT verður haldin 14. og 15. apríl 2018

Sýningin verður haldin að Nethyl 2e (hjá Heimilisiðnaðarfélaginu). Félagsmenn eru beðnir um að koma með verkin sín föstudaginn 13. apríl milli kl. 16-18 á sýningarstað þar sem tekið verður á móti þeim.

Sýningin verður opin frá kl. 13-17 báða dagana.

Félagmenn eru beðnir um að sækja verk sín við lok sýningar sunnudaginn 15. apríl kl. 17.

Stjórn FÁT



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: treskurd@gmail.com

Heimasíða: treskurdur.is

Ritstjórn er stjórn félagsins

Ábm. Víðir Árnason

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
2. tbl. 23. árgangur 2018

Frá formanni

Aðalfundur FÁT var haldinn 17. febrúar sl. og á honum voru rædd ýmis mál sem rétt er að upplýsa um. Formaður fór yfir starfsemi félagsins síðastliðið ár og upplýsti m.a. um að ný heimasíða væri komin á veraldarvefinn. Lagðir voru fram reikningar félagsins og þeir samþykktir ásamt því að árgjöld fyrir næsta starfsár voru ákveðin kr. 4.000. Stjórn FÁT var kosin Víðir Árnason formaður, aðrir stjórnarmeðlimir eru Donald Ingólfsson, Hjörtur Árnason, Júlíus Ágúst Guðmundsson og Karen Huld Gunnarsdóttir. Samþykktar voru breytingar á lögum félagsins. Á aðalfundinum afhenti Friðgeir Guðmundsson félaginu gjafabréf sem heimilar FÁT notkun á teikningum sem hann hefur gefið félaginu.

Vorsýning FÁT verður haldin dagana 14. og 15. apríl og er hún opin fyrir skurðarverk allra félagsmanna. Er henni ætlað að sýna vinnu vetrarins og endurspeglar öflugt starf félagsmanna, jafnt nýliða sem lengra komna. Félagar eru því hvattir til að taka þátt í sýningunni og lofa sýningargestum að njóta verkanna.

Kærar kveðjur,

Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

Opið hús í janúar hjá Erni Sigurðssyni



Vel var mætt á opið hús hjá Erni og nutu félagmenn FÁT þess að skoða vinnustofu hans og listmuni nemenda.



Marga áhugaverða hluti var hægt að skoða m.a. er nemandi að smíða fiðlu.

Gestir nutu þess að ræða við Örn og skoða bæði hluti og myndir.



Askar sem Örn hefur unnið og leiðbeint nemendum sínum við útskurð.

Vegleg gjöf til Félags áhugamanna um tréskurð



Friðgeir Guðmundsson, félagi í FÁT, afhenti formanni félagsins gjafabréf þar sem hann heimilar FÁT að nota að eigin þörfum teikningar sem hann hefur gefið félaginu á liðnum árum.

Stjórn FÁT færir Friðgeir bestu þakkir fyrir veglega gjöf.

Brýnslunámskeið í janúar

leiðbeinandi Bjarni Þór Kristjánsson



Góður hópur skráði sig á brýnslunámskeið semhaldið var á vegum FÁT í janúar. Bjarni byrjaði á því að fara yfir nokkrar aðferðir við að brýna skurðarjárn.

Áhugi og einbeiting þátttakenda var mikil þegar byrjað var að brýna ogfengu allir að brýna skurðarjárnin sín.



Brýnd voru skurðarjárn á öllum vinnuborðum með mismunandi aðferðum.



Opið hús í mars hjá Friðgeir Guðmundssyni



Vel var mætt á opið hús sem haldið var hjá Friðgeir núna í mars.



Vinnustofa Friðgeirs er full af listgripum sem gestir nutu að skoða ásamt aðstöðu hans.



Allir veggir fullir af útskurðarverkum

